

- e) Að sjá um reikningshald og reikningsskil og ráða löggiltan endurskoðanda reikninga stofnunarinnar.
- f) Að fara með öll önnur störf, sem eðlilegt eða nauðsynlegt er að taka ákvarðanir um eða framkvæma á vegum stofnunarinnar.

11. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari, ef meirihluti fulltrúaráðs samþykkir það á aðalfundi. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á breytingunni.

Heimilt er að leggja stofnunina niður, ef meirihluti fulltrúaráðs tekur ákvörðun um það á fundi, sem boðaður hefur verið um það mál. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra fyrir því.

Eignum stofnunarinnar skal þá varið til starfsemi í þágu hjarta- og lungnasjúklinga eftir ákvörðun meirihluta fulltrúaráðsins.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. september 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónasar Sigurbjörnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónasar Sigurbjörnssonar. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum til minningar um Jónas Sigurbjörnsson, Sunnuhlíð 4, 603 Akureyri. Jónas var fæddur 24. ágúst 1950 og lést 7. júlí 1989.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Samherja hf. og Ísbergs ltd. að fjárhæð kr. 365.000. Stofnfé má ekki skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar skíðamönnum á Akureyri, svo sem með því að styrkja þá til náms í íþrótt sinni eða útvega þeim kennslu eða námsaðstöðu. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita til þessa fé úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum 5. gr. þegar henni þykir ástæða til og er æskilegt að umsóknir um styrkveitingu berist fyrir 1. desember og 1. apríl ár hvert.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir af fé hans,
- b) árleg framlög og aðrar tekjur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita á hverjum tíma þá upphæð sem hún telur sér fært að veita án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skal einn þeirra tilnefndur af ættingjum Jónasar heitins, tveir fulltrúar skíðamanna tilnefndir af Skíðaráði Akureyrar, einn fulltrúi Skíðaráðs Akureyrar og einn fulltrúi fyrirtækjanna Samherja og Ísbergs. Tilnefningar gilda í tvö ár í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 1992.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu vera endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum, er skipaðir séu af Skíðaráði Akureyrar, Samherja og Ísbergi. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi ef tök eru á því. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri eða annarri ríkis-tryggðri stofnun, með sem hagstæðustu kjörum. Eigi má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann, enda sé sjóðurinn í ábyrgð sjóðsstjórnar.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skal fé hans renna óskipt til Skíðaráðs Akureyrar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. september 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. bann við bílastæðum á Ránargötu að norðanverðu gengt City Hótelu með undanþágu fyrir hópferðabíla og leigubíla,
 2. að bann við vinstri beygju af Snorrabraut austur Hverfisgötu verði afnumið.
- Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember 1990.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. október 1990.

Böðvar Bragason.